

Alþingi Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 14. mars 2023.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 75 - 75. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við tillögu til þingsályktunar um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að málið hafi áður verið flutt á 149., 150., 151. og 152. löggjafarþingi (51. mál) en ekki fengið brautargengi. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur áður skilað umsögn við málið og fagnar umræðu um þjónustu við eldri borgara og mikilvægi þess að draga úr biðtíma eftir hjúkrunarheimili þegar einstaklingur er í þörf fyrir búsetu á hjúkrunarheimili.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að bið eftir hjúkrunarrými sé óhóflega löng en 40% fólks þurfi að bíða lengur en 90 daga eftir rými. Jafnframt kemur fram að hjúkrunarrýmum hafi ekki fjölgað þrátt fyrir fjölgun einstaklinga 67 ára og eldri. Í því sambandi vill Félagsráðgjafafélag Íslands vekja athygli á mikilvægi þess að leggja aukna áherslu á nærþjónustu og lýðheilsutengdar forvarnir. Til að mynda með samþættri heimþjónustu og heimahjúkrun, heilsuefandi samfélögum og auknu aðgengi eldra fólks að úrræðum samfélagsins þrátt fyrir veikindi eða færniskerðingu. Áhersla hefur verið á aðstoða fólk sem lengst á eigin heimili og er mikilvægt að efla nærþjónustu. Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að lögð verði áhersla á að efla endurhæfingu á eigin heimili og skilgreina ábyrgðarhlutverk sveitarfélaga. Þá þarf að vera skýrt verklag þegar kemur að greiðsluskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Í lið 1. er kveðið á um skyldu ríkis og sveitarfélaga um að útvega þeim sem eru metin í þörf fyrir dvalar- eða hjúkrunarrými dvöl eigi síðar en 60 dögum eftir að niðurstaða mats liggur fyrir. Þessi þjónusta er á ábyrgð ríkisins og því ekki á færi sveitarfélaga nema lagabreyting komi til. Þá er tímaramminn óraunhæfur því flestir hafa ákveðnar óskir um dvalarstað.

Liður 2. fjallar um tímaramma fyrir útgáfu færni- og heilsumats eftir að umsókn berst. Sá tímarammi óraunhæfur þar sem kalla þarf eftir margvíslegum heilsufarsupplýsingum og þjónustuþörf frá öðrum opinberum aðilum.

Fjallað er um tímalengd dvalar á sjúkrahúsi án sérstakrar meðferðar í lið 3. og skyldu til að útvega dvalar- eða hjúkrunarrými eftir 10 daga dvöl. Það getur verið góð hugmynd að setja þak á þennan tíma en það þarf að gera kröfu um aukna þjónustu í heimahúsi en ekki hjúkrunarrými.

Samkvæmt lið 4. í tillögunni á heilbrigður einstaklingur að geta flutt með maka sínum inn á stofnun þar sem veitt er sólarhringsumönnun. Félagið hefur áður bent á að það er verulega íþyngjandi inngríp í líf einstaklings að flytja varanlega á hjúkrunarheimili. Það hafa verið gerðar tilraunir með að opna hjúkrunarheimili fyrir maka, t.d. Öldrunarheimili Akureyrar og Hrafnista. Þegar einstaklingar innritast á hjúkrunarheimili þá missa þeir öll réttindi og geta ekki haldið heimili. Þá er vert að hafa í huga að ef ætti að fara þessa leið þá þyrfti að fjölga rýmum á hjúkrunarheimilum umtalsvert sem lengir biðtíma fyrir þau sem þurfa á hjúkrunarrýmum að halda. Því er betri kostur að leggja áherslu á aukna þjónustu inn á heimili.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir og taka þátt í samtali um áherslur í öldrunarþjónustu sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
Formaður

Umsögnin er unnin í samstarfi við Fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu.